49 framfærzluhreppur hans var álitinn að vera, rituð tilkynning um að hann væri
6. marz orðinn sveitarþurfi, og eptir það gekk framfærzlumálið sinn gang, þar til er það var úrskurðað af amtmanni 19. ágúst 1887, eins og að ofan er á drepið. Að því er aptur á móti snertir 17 krónur, sem veittar hafa verið 16. febr. 1886 án þess nokkur tilkynning um þá veitingu færi fram fyrr en 22. októbermánaðar, verður að fallast á, að bæjarstjórnin hafi með þeim drætti, sem ekki er að neinu rjettlættur, fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds á þeirri upphæð, og ber því að draga hana frá reikningsupphæð bæjarstjórnarinnar, en eptirstöðvarnar, 85 kr. 13 au. ber að greiða úr sveitarsjóði Saurbæjarhrepps án frekari dráttar.

50
7. marz **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Eptir að hafa móttekið þóknanlegt brjef stiptsyfirvaldanna, dags. 28. jan. þ. á. vil jeg hjer með veita samþykki til, að presturinn að Selárdal, síra Lárus Benediktsson, taki embættislán, að upphæð 1500 krónur, upp á prestakallið, til þess að byggja á prestssetrinu timburhús, allt að því 14 álnir á lengd og 6½ al. á breidd, og að öðru leyti samkvæmt lýsingu þeirri, er brjef yðar og þar að lútandi skjöl innihalda, þannig að hús þetta komi í staðinn fyrir forna timburstofu, sem nú er á prestssetrinu, og sem metin hefur verið á 350 krónur. Þó er lántökuleyfið bundið þeim skilyrðum, að lánið allt með vöxtum verði endurborgað innan 20 ára frá lántökudegi; *að* helmingurinn af upphæð lánsins verði eigi tekinn fyr en húsið er fullgjört og sannað er með lögmætri skoðunargjörð undir umsjón prófasts að verkið sje vel af hendi leyst og byggingin samkvæm lýsingu prestsins, dags. 20. ág. f. á., er hjermeð endursendist yður, *að* húsið verði eign staðarins, og að presturinn vátryggi húsið fyrir að minnsta kosti 2000 kr. þegar er það er uppkomið og haldi því síðan í slíkri ábyrgð; og *loks*, að presturinn haldi húsinu vel við og hann eða bú hans skili því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.

51 **Brjef landshöfðingja** *til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu* **um legu-**
25. marz **kostnað þurfalings.** Eptir að hafa móttekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 1. f. m. og þar með fylgjandi erindi hreppsnefndarinnar í Holtshreppi í Skagafjarðarsýslu, dags. 30. ág. f. á., þar sem hún áfrýjar úrskurði amtsins, dags. 12. maí f. á., er ákveður að tjeð hreppsnefnd skuli greiða hreppsnefnd Húsavíkurhrepps 88 kr. 49 aura, sem kostnað við sjúkdómslegu Sigurlaugar nokkurrar Guðmundsdóttur, sem viðurkennd er sveitlæg í Holtshreppi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, og birtingar fyrir hreppsnefndinni í Holtshreppi, að með því að það, eins og tekið er fram í amtsúrskurðinum, er endilega útkljáð með samkomulagi hlutaðeigandi sýslumanna, sbr. 3. gr. í fátækrareglugjörð 8. jan 1834, enda samþykkt af hreppsnefndinni í Holtshreppi að henni beri að endurgjalda nauðsynlega læknishjálp stúlkunni til handa, — en